



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
31. eigendafundar Sorpu bs.
Fjarfundur
mánudaginn 1. febrúar 2021, kl. 11:00

Mætt:

f.h. eigenda Sorpu bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttur, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Birkir Jón Jónsson, Kópavogi.
Bjarni Torfi Ástþórsson, Seltjarnarnesi.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Áhrif fyrirbyggjandi lagafrumvarps til breytinga á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins og draga að stefnu um meðhöndlun úrgangs á starfsemi Sorpu bs./

Jón Viggó Gunnarsson kynnir áhrif fyrirbyggjandi lagafrumvarps á starfsemi Sorpu bs. og þá umsagnarvinnu sem fer fram nú á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Er framkvæmdastjóra og eftir atvikum stjórn Sorpu bs. falið að fylgja málinu eftir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2. Samræming úrgangsflokkunar / málsnr. 1906002

Fyrir liggur fýsileikaskýrsla Resource um samræmingu úrgangsflokkunar og minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar um fýsileika á samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, sem send hafa verið sveitarfélögunum til umræðu. Jón Viggó Gunnarsson kynnir afstöðu Sorpu bs. til samræmdrar úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, sem almennt er jákvæð og að telur líklegt að verði hún að veruleika leiði geti það leitt til aukinnar skilvirkni við meðhöndlun úrgangs og aukins hreinleika efnisstrauma. Samhliða þurfi að skoða hlutverk endurvinnslustöðva og grenndargáma og hvernig þau geti orðið virkur hluti þessa samræmda kerfis. Jafnframt býður Sorpa bs. sig fram til nánara samstarfs við skoðun á innleiðingu samræmdrar úrgangsflokkunar.

Umræður um áframhaldandi feril þessa verkefnis en gert er ráð fyrir því að stofnaður verður verkefnahópur sem leggi fram innleiðingaráætlun á verkefninu, samþykki sveitarfélögin að hefja samræmda úrgangsflokkun.

3. Drög að aðgerðaráætlun um meðhöndlun og förgun úrgangs vegna svæðisáætlunar Sorpu 2021 – 2035 málefni sorpbrennslu/ málsnr. 1908010

Gestur fundarins undir þessum lið er Páll Guðjónsson, ráðgjafi, sem kynnir drög að aðgerðaáætlun og áætlaða tímalínu aðgerða og umbreytinga, en stefnt er að því að draga úr urðun úrgangs í Álfnesi og að eftir árið 2023, þ.e. eftir lokun urðunarstaðarins í Álfnesi verði einungis urðaður óvirkur úrgangur sem ekki er tækur til annarrar meðhöndlunar. Samhliða er stefnt að útflutningi brennanlegs úrgangs en jafnframt þurfi að skoða tiltækar lausnir til lengri tíma hvað varðar brennslu. Umræður.

4. Erindi frá Samtökum iðnaðarins vegna gjaldskrárbreytinga Sorpu bs. / málsnr. 2101006

Eigendavettvangur Sorpu bs. mun svara erindi SI í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra Sorpu bs.

5. Rekstur GAJA

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum frestað.

6. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Formaður eigendavettvangs fer yfir stöðu verkefnisins og fyrirhugaðan starfshóp um verkefnið sem tilnefnt verður í á vettvangi stjórnar SSH í dag.

7. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.